

Álit

komudagur 9.5.2011

um tillögu til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni menntamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks (449. mál). Nefndin beindi sjónum sínum einkum að þeim þáttum málsins sem heyra undir málefnasvið hennar og snúa að því að vinna bug á langtímaatvinnuleysi svo og að atvinnusköpun og starfsþjálfun. Nefndin fékk á sinn fund Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun og kynnti sér auk þess þær umsagnir sem borist hafa um málið. Umsagnaraðilar eru almennt jákvæðir í garð tillögunnar og styðja framgang hennar.

Nefndin fagnar framkominni tillögu. Það er mjög alvarlegt mál fyrir samfélagið allt hversu margir yfirgefa skólakerfið án framhaldsskólaprófs eða starfsréttinda. Mikilvægt er að kanna hvað veldur því að svo margir nemendur í íslenska skólakerfinu flosna upp úr námi og grípa verður til róttækra aðgerða til að koma í veg fyrir gríðarlegt brottfall nemenda sem hefur alvarleg áhrif á félagslega stöðu ungmenna og framtíð. Nefndin telur samhliða því mikilvægt að móta aðgerðaáætlun til að vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks, efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Það er mikilvægt að veita öllum einstaklingum tækifæri til að þroska hæfileika sína og virkja starfskrafta sína sem jafnframt leiðir til aukinnar verðmætasköpunar í samfélaginu. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16-24 ára mælst hátt á síðustu missirum og stór hluti atvinnuleitenda á þessum aldri verið atvinnulausir til langs tíma. Nefndin áréttar mikilvægi þess að auka virkni ungra atvinnuleitenda enda brýnt að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem atvinnuleysi getur haft á líf og heilsu ungs fólks. Stjórnvöld hafa þegar gripið til átaksverkefna í þessu skyni sem skilað hafa ágætum árangri og hefur nefndin kynnt sér þessi verkefni þegar til þeirra var stofnað sem og í tengslum við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, á yfirstandandi og síðustu löggjafarþingum.

Nefndinni voru kynntar upplýsingar þess efnis að þegar væri unnið að verkefnum sem falla að efni tillögunnar og telur nefndin brýnt að sú vinna sem þegar er hafin og samræmist tillögunni verði nýtt og felld inn í aðgerðaáætlunina. Þó sé jafnframt mikilvægt að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga sé samþykkt þrátt fyrir einstök verkefni sem þegar eru hafin enda kveður tillagan ekki á um einstakar aðgerðir heldur mótun heildstæðrar aðgerðaáætlunar sem feli í sér töluleg markmið um fækkun langtímaatvinnulausra á árunum 2011 og 2012.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form.,

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,

Pétur H. Blöndal,

Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Guðmundur Steingrímsson,
Íris Róbertsdóttir.